

Mánudaginn 6. ágústmán.
 Nr. 18/1877: Hið opinbera
 gegn

Helgu Helgadóttur úr Vestmannaeyjum.

Dómur.

Mál þetta er þannig vaxið, að í vetur, er var, kom unglingspiltur nokkur að nafni Jóhann Jónsson inn í bæ Jóns Guðmundssonar á Gjábakka í Vestmannaeyjum, til að sníkja; var þetta um miðjan dag; en meðan hann dvaldi þar, stal hann úr vasa á vesti, er hjekk þar á þili, buddu með peningum í, 3 krónum og 53 aurum, og gaf þar af sama daginn 25 auru móður sinni, Helgu Helgadóttur, og sagði henni, að bróðir hennar hefði sent henni þá, en hún lét hann þegar kaupa fyrir þá kaffi. Seinna um kvöldið játaði hann þó fyrir henni, að hann hefði stolið peningunum frá fyr nefndum Jóni, en móðirin skilaði samt eigi aptur kaffinu, heldur notaði það. Fyrir þetta höfðaði sýslumaðurinn mál gegn mæðginum þessum, og dæmdi þau 27. des. f. á., hann til að hýðast 15 vandarhöggum, en hana til 3 daga fangelsis við vatn og brauð, og þau bæði til að lúka í sameiningu allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum hefur tjeð Helga skotið til yfirdómsins, en þar á móti hefur honum eigi verið áfrýjað fyrir hönd Jóhanns.

Þar eð þetta athæfi ákærðu ekki virðist fyllilega verða heimfært undir 56., 240. eða 244. gr hegningarlaga, er hún ekki vissi, að þeir 25 aurar, sem hún hún tók við af syni sínum, væru stolnir, þegar hún hagnýtti sjer þá, virðist ekki nægileg ástæða til að dæma hana í hegningu þar fyrir, og ber því að dæma hana sýkna af ákærum sóknarans í máli þessu, en aptur á móti ber henni að lúka allan af áfrýjun málsins

löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 12 kr. til hvors fyrir flutning málsins. Meðferð málsins í hjeradi hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærða Helga Helgadóttir á af sóknarans ákærum í þessu máli sýkn að vera, að öðru leyti á undirrettarins dómur, að því er hana snertir, óraskaður að standa. Svo ber og ákærðu að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómnum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 12 kr. til hvors, fyrir að hafa flutt þar málið. Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 33/1876:

Sumarliði Sumarliðason

gegn

Þorsteini Þorsteinssyni.

Dómur.

Með gestarjettardómi, kveðnum upp af sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu 23. júlí f. á., er Sumarliði gullsmiður Sumarliðason í Æðey skyldaður til að afhenda Þorsteini bakara Þorsteinssyni með löglegu afsalsbrjefi 4 hndr. og 20 áln. eptir gömlu mati úr eyjunni Æðey með öllum herlegheitum til sjávar og lands, og öll þau hús, er tjeður Sumarliði á standandi á Æðey, með tilheyrandi ofnum, matreiðsluvjel og öllu múr- og naglföstu, fyrir 5000 kr., og er 2 kr. sekt við lögð fyrir hvern þann dag, er hann óhlýðnist þessu; svo skyldi hann og greiða Þorsteini Þorsteinssyni allan arð af jarðarpartinum frá far-